

Árið 1994, fimmtudaginn 24. nóvember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Þorsteini Júlíussyni, Guðrúnu Zoëga, Hólmfríði Árnadóttur, Jóni Sveinssyni og Magnúsi Óskarssyni.

Fyrir var tekið:


Að ákvarða launakjör umboðsmanns barna sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 83 19. maí 1994 um umboðsmann barna.

I


Frá 1. janúar 1995 skulu laun umboðsmanns barna vera krónur 192.511 á mánuði og er þá tekið tillit til þess að um tímabundna skipun í starf er að ræða.


II


1. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í kjarasamningi BHMR og ríkisins. Um orlofsssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.
2. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar.


Þorsteinn Júlíusson
formaður


Guðrún Zoëga


Jón Sveinsson


Hólmfríður Árnadóttir


Magnús Óskarsson